

HALLORMSSTAÐABJARG -

Fylgið stikum merktum með ljósgrænum lit - 4 km – 2 til 3 tímar
Lagt er af stað frá Hússtjórnarskólanum út og upp Skriðdalsveg sem er gömul reiðleið yfir í Skriðdal. Leiðin liggur í gegnum framhlaupsurð sem myndaðist fyrir um 10.000 árum og nefnist Hólar. Framhlaupið er um 1,5 km á breidd og nær ofan frá Hallormsstaðabjargi niður í Lagarfljót. Leiðin liggur upp í Bjargseisbotna þar er graslendisbali og var þar fyrrum sel. Stigurinn sveigir inneftir undir Bjarginu að Þverbjargi. Þar í krikanum hefur Illaskriða fallið niður úr hamrageil, að því er virðist í áföngum. Út og niður af Illuskriðu er gengið niður að Leirtjarnarhygg með góðu útsýni yfir Framskóg og byggðina á Hallormsstað. Þaðan liggur leiðin niður skógarstíg að Hússtjórnarskólanum.

GATNASKÓGUR -

Fylgið stikum merktum með brúnum lit – 2 km
Gönguleiðin hefst á ysta tjaldstæðatúninu utan við Söluskálann. Leiðin liggur neðan þjóðveggar meðfram Fljótinu, gegnum Gatnaskóg, þar má sjá há og beinvaxin birkitré. Gengið er yfir þjóðveginn við Klifitjörn. Þaðan liggur leiðin upp í gegnum greniskóg ofan við tjörnina og áfram um vöxtulegan birkiskóg inn á gönguleið merkt bláum lit. Ganga má áfram niður að Hússtjórnarskóla.

TRJÁSAFNIÐ í Mörkinni - Að tilstuðlan C. Ryder dansk skipstjóra var árið 1903 komið á fót gróðrarstöð á afgirtu svæði er Mörk nefndist. Í áruna rás hafa einstök tré og þyrpingar af ýmsum trjátegundum viðsvegar úr heiminum verið gróðursett til reynslu í Mörkinni og mynda nú hið merkasta trjásafn, má finna þar yfir 80 trjátegundir. Merkingar um aldur og uppruna eru við hinar ýmsu tegundir. Auk gróðurs eru í Trjásafninu hlaðnar steinbrýr yfir læk, minnisvarði um skáldið Þorstein Valdimarsson frá Teigi í Vopnafirði, grasflatar, bekkir og borð. Farið er í Trjásafnið í Mörkinni frá bilastæði við þjóðveginn, fylgið göngustígum.

Fuglalíf er fjölskrúðugt. Sjá má glókoll sem er minnstur skógarfugla, músarindil, auðnutitling, hrossagauk, maríuerlu, skógarþröst, hrafn og rjúpu. Af flækingsfuglum hafa sést m.a. skógarsnípa, fjallafinka, svartþröstur, bókfinka, hringdúfa, silktoppa, múrsvölungur, glóbrystingur, gaukur, land- og bæjarsvala.

Lagarfljót. Frá upptökum Jökulsár í Fljótsdal til ósa Lagarfljóts eru 140 km - "Fljótið", 35 km langt stöðuvatn, mesta breidd 2,5 km, yfirborð 53,2 ferkm, vatnshæð 20,5 m yfir sjávarmál, mesta dýpi 112 m, meðaldýpi 50,7 m. Gömul trú er að skrímsli haldi sig í Lagarfljóti. Nefnist það Lagarfljóts-ormurinn. Rölta má um fjörur Lagarfljóts á lygnum sumarkvöldum og huga að "Orminum".

GÖNGULEIÐIR

LJÓSÁRKINN -


Fylgið stikum með gulum lit - 850 metrar -
Ofan þjóðveggar, 500 metrum innan við Atlavík er gönguleið upp Ljósárkinn utan Ljósár. Gengið er upp að Ljósárfossi, 16 m háum fossi í Ljósá, Kletturinn utan við fossinn er rúmir 20 m á hæð. Neðar í ánni er lítil foss, um 3ja m hár. Á leið upp má sjá ýmsar trjátegundir gróðursettar á árunum 1965-67 s.s. lindifuru frá Karasnojarsk í Síberíu, stafafuru frá Skagway í Alaska, hvitgreni frá Alaska. Í brekkunni á vinstrihönd er eitt beinvaxnasta rússalerki í Hallormsstaðaskógi, frá Arkangelsk og þar ofar bergfura. Botngróður er fjölbreyttur en þar má finna meðal annars sjóstjörnu, hún er 5-15 sm á hæð og blómgast í júlí. Farið er sömu leið til baka niður á þjóðveg.

JÖKULLÆKUR -

Fylgið stikum með brúnum lit - 200 metrar -
Gengið er frá þjóðvegi rétt innan Atlavíkur upp með Jökullæknum, gegnum lerkilund að rauðgreni frá 1908. Þar fyrir ofan er safn margra tegunda frá 1963 s.s. fjallaþinur, blágreni, marþöll, hvitgreni, dögglingsviður, stafafura og risalífviður. Þar í rjóðri er áningastaður. Gengið er til baka sömu leið niður á þjóðveg.

ATLAVÍKURSTEEKUR - JÓNSSKÓGUR -

Fylgið stikum með rauðum lit - 1,5 km -
Gönguleið ofan þjóðveggar, upp af Atlavík. Fyrst er komið í lerkilund frá 1937, þar hæstu tré yfir 20 metra, einnig má sjá fjallaþöll og ofar marþöll. Ofan við lundinn eru rústir af stekk. Frá Atlavíkurstekk er gengið uppá við, með skógar- og stafafuru á vinstri hönd og komið upp í reit með ýmsum trjátegundum gróðursettum 1940 þar m.a. dögglingsviður (oregon pine). Næst er komið í lerkilund frá 1957. Má þar sjá sjóstjörnuna í breiðum á blómatíma. Útsýnis- og áningastaður er á klettinum til vinstri, sjálfsánar stafafuru- og lerkiplöntur á svæðinu. Úr lerkilundinum er gengið áfram upp og út yfir Króklæk, og Kerlingarmel í Jónsskóg frá 1951. Jónsskógur var fyrsta gróðursetning á lerki eftir að Guttormslundur var gróðursettur 1938. Áfram er haldið út Selveg, yfir Kerlingará fram hjá rauðgrenilundi, gróðursettum 1970 og til vinstri niður á þjóðveg.



Göngum vel um skóginn og hafið eftirfarandi í huga:

1. Tjöld og svefnbítar aðeins á merktum svæðum.
2. Hlífið gróðri, kveikið ekki elda.
3. Akið ekki um skógarstígana.
4. Skiljið ekki eftir rusl á víðavangi.

Prentun Héraðsprent 2005.
Fuglamyndir Jóhann Öli Hilmarsson.
Atlavíkumynd og sveppamynd Þráinn Skarphéðinsson.



Af þjóðvegi má fara niður í Trjásafn og ganga grænu leiðina, inn í Atlavík eða út að Söluskála.

ATLAVÍK - TRJÁSAFN - SÖLUSKÁLI -

Fylgið stikum með ljósbláum lit - 1.5 km -
Utarlega í Atlavík er gengið upp all bratta brekku, eftir stíg er liggur í Trjásafnið. Úr Trjásafninu liggur göngustigur út svæðið er nefnist Lambaból og upp með Staðará að Söluskála.

ÁLEIÐIS UPP REMBU -

Fylgið stikum með hvítum lit - 1,8 km - 11/2 til 21/2 tímar.
Gangan hefst hjá íþróttahúsinu við Hallormsstaðaskóla, fyrri hluti leiðarinnar er dálítið á fótinn. Haldið er sem leiðin liggur upp á Neðri-Kistukletta, sveigt inn fyrir Kistu og upp á Efri-Kistukletta, að Lambafossi 21 metra háum fossi er fellur niður klettavegginn í 24 m djúpt Staðarárgilið. Lengja má gönguna upp með Staðará að gamalli stíflu í ánni þaðan sem vatn var leitt í 27 Kw rafmagnsvirkjun er stóð undir Neðri-Kistuklettum og sá Hússtjórnarskóla og Hallormsstaðabæ fyrir rafmagni árin 1936-1955. Til baka frá Lambafossi er farið niður meðfram Staðarárgili, gætið varúðar á gilbarminum. Farið er um Efri-Kistukletta niður á Neðri-Kistukletta og komið niður að íþróttahúsi. Leiðin býður upp á fagurt útsýni yfir Hallormsstað, Lagarfljót og til Fljótsdals. Fjallshliðin innan við Staðará heitir Hádegisfjall. Remba er nafn á gamalli gönguleið upp Hádegisfjall. Um Rembu og áfram yfir Hallormsstaðaháls að Mýrum í Skriðdal var oft farið áður fyrir.

HALLORMSSTAÐAHÁLS -

Fylgið stikum með appelsínugulum lit - 7 km yfir í Skriðdal - 3 til 4 tímar. - Skriðdalsvegur nær upp í 450 m hæð.
Auðrótuð og sæmilega greiðfær gönguleið á milli Hallormsstaða og Geirólfsstaða í Skriðdal. Fjölfarin leið fyrrum m.a. vegna kirkjusökunar að Hallormsstað. Kaupstaðaleið var frá Upp-Héraði til Skriðdals og þaðan um Þorudalsheiði á Reyðarfjörð. Gengið er upp frá Hússtjórnarskólanum út og upp Hóla og áfram gömlu reiðgötunna neðan við Hallormsstaðabjarg og upp á "Bjargið" fyrir ofan skógin. Af Bjarginu er fagurt útsýni inn til Snæfells, yfir skógin og Fljótið. Þeir sem vilja halda áfram yfir hálsinn, fylgja stikaðri leið að þjóðvegi utan við Geirólfsstaði í Skriðdal.

HÓLAR -

Fylgið stikum með bláum lit - um 5 km - 2 til 3 tímar
Lagt er af stað frá Hússtjórnarskólanum upp nokkuð bratta brekku. Gengið er upp og út Hóla, framhjá háum steindrangi er ber heitið Kerling, Hólasvæðið er framhlaup úr fjallinu fyrir ofan. Úr Hólunum er komið í Flataskóg. Þar er falletgur og hávaxinn birkiskógur sem fróðlegt er að skoða, ekki síst fjölbreyttan botngróður -frá Flataskógi má ganga út í PART, gul leið-. Úr Flataskógi er gengið út á Lýsishólssvæðið, þar af Fákkakletti er fagurt útsýni. Áfram er haldið inn og niður í gegnum greniskóg og komið á opið svæði. Þaðan má sjá niður á Ormsstaðahól neðan þjóðveggar. Lengja má gönguna með því að rölta niður á hólinn og njóta útsýnis. Á Ormstöðum bjó Helgi Ásbjarnarson sem getið er í Droplaugarsonasögu. Þegar komið er niður undir asparlundinn er gengið til vinstri, inn á Hólasvæðið og sem leið liggur til baka niður að Hússtjórnarskólanum.

PARTUR -

Fylgið stikum með gulum lit - 3 km - 2 til 3 tímar.
Svæðið milli Hafursár og Borgargerðislækjar nefnist Partur. Gangan hefst ofan þjóðveggar við Hafursá. Komið er upp á malborinn skógarveg með hvítgrenilund á hægri hönd, mikið er af sjálfsánum reynivið í jaðri skógarins. Gengið er upp undir raflinu og inn með henni þar er beygt til vinstri gegnum lerkigróðursetningu og áfram með rauðgreni á hægri hönd og sitkagreni á vinstri, upp meðfram stafafurulundi frá 1963 og komið að vegamótum. Þar haldið til vinstri út að áningarstöðum með útsýni niður í Hafursárgil, út yfir Hafursárskóg og norður yfir Lagarfljót. Frá útsýnis- og áningastöðunum er haldið áfram inn skóginn þar til komið er á malborinn skógarveg -þar til vinstri er tenging yfir í HÓLA, blá leið- haldið er til hægri niður á við og komið að lundi með evrópulerki frá Sviss, fræinu safnað í 1.850 m hæð. Neðan við evrópulerkið er falletgur hvammur, þar góður áningastaður. Leiðin liggur nú niður á við, sjá má síberíulerki frá 1959 á hægri hönd og norskt rauðgreni frá 1958 á vinstri hönd. Beygt er til vinstri út af malborna skógarveginum og haldið niður undir þjóðveg ofan Langasands, þar haldið til hægri og gengið út ofan þjóðveggar og komið inn á upphafsleiðina, þá til vinstri niður að þjóðvegi þar sem gangan hófst.



HALLORMSSTAÐASKÓGUR

